

Samantekt.

Millidalaleið skapar enga sátt.
8% halli á Hofsárdalsleið væri mun minni ef farið væri neðar í dalinn.
Það er löngu búið að finna upp dýnamitt.
Tel fullyrðingar um veðurfar rangar og ef farið yrði neðar í Fossdal (Hofsárdal)
væri veðurfar umtalsvert betra.

Neikvætt umhverfismat.

Votlendisrask er mun neikvæðara en hugsanlegt rask áreyra Hofsár.
Vesturárdalsleið.
Mýrar eru aldrei auðveldar fyrir vegagerð.
Áhrif á gróðurfar mýra og jaðarsvæði þeirra verða alltaf mikil.
Breytir þar engu endurheimt annars votlendis.
Það ætti að endurheimta það hvort eð er.

Hofsárdalsleið.

(Liggur að stórum hluta um lítið hreyft land.)
Vesturárdalsleið liggur um enn lengra lítt hreyft land.
Ef farið væri lengra út norðan Hofsár og neðar austan ár
væri vegurinn í mun minni halla á löngum köflum.
Botn árinna gæti allt eins lagast.

Samanburður á veglínunum.

Ég tel vegagerð um Hofsárdal Bustarfells megin,
hafi jákvæð áhrif á landnotkun og útivist og mjög jákvæð á ferðaþjónustu.
Vegagerð um Hofsárdal mun ekki hafa áhrif á laxfiska,
ef til vill nokkra mannfælna milljónamæringa.
Vesturárdalsleið hefur veruleg neikvæð umhverfisáhrif
Á votlendi og jaðarsvæði þeirra,
á ferðaþjónustu sökum lengri leiðar að Bustarfalli og Hofi.
Margfalt meira vel gróið land spillist á Vesturárdalsleið enda nær tvöfalt lengri.
Fuglalíf hlýtur að vera meira á hinni löngu vel grónu Vesturárdalsleið.
Ykkur yfirsást Grágæsarvarp í og neðan við fyrirhugaða veglínu við Skógarlón.
Smyrill verpir í klettum austur af Norður Skálanes.
Sé lítið til framtíðar hlýtur niðurstaðan að vera vegur niður Hofsárdal,
ekki yfir Fossheiði.
Það þætti vitlaust annar staðar á landinu, þegar hægt er að fara niður dalinn.

Millidalaleið.

Það verður ekki sátt um Vesturárdalsleið þó Millidalaleið komi til.
Það væri gáfulegra að fara Hofsárdalinn,
og gera mun ódýrari veg milli dalanna.
Það er meiri þörf á bundnu slitlagi út að Hellisheiði.

Hæð yfir sjó.

Allstaðar annar staðar á landinu þykir það mikilvægt að
vegur sé sem lengst í sem minnstri hæð yfir sjó.

Veður.

Þoka getur verið á öllum árstímum,
hálfan ekki.
Umferðin er mest á sumrin og mun vonandi aukast.
Þá er því miður oft þoka uppi á heiði
en sem betur fer ekki hált.

Norðan og norðvestan áttir eru mun hægari í Hofsárdal,
alla leiðina frá þorpinu og upp að Hölná.
Ég tel einkunnargjöf í töflu 3.2.1. ranga.
Það er mjög auðvelt að minnka skafrenning upp á veginn í Hofsárdal með skógrækt.
Snjóköf og skafrenningur fara ekki langt inn fyrir skógarjaðarinn.
50 metra breiður skógur myndi næga.
Það verður ekki ræktaður skógur uppi á Bunguflóa.

Efnisþörf.

Tafla 4.2.1.

Er þetta ekki eitthvað vitlaust ,7 þús. m³ af klæðningu á 24 km
en bara 10 þús. m³ á 42 km er ekki réttara 12.2 þús.m³ ?

6.1. Samfélagið.

Kirkjurnar eru reyndar 3 og allar Hofsárdalsmegin.

Tafla 6.1.1.

Hefur gengið illa að selja veiðileyfi í landi Teigs ?
Þar er vegurinn nálægt ánni og alveg við Veiðihúsið Árhvamm.

Það er víst ekkert neikvætt fyrir Vesturdalsá!
Rekstrarkostnaður vegna Hofsárdalsleiðar verður umtalsvert lægri
þegar nýræktar skógurinn hefur náð 1. til 2. m. hæð.
Það ætti að endurskoða þessa töflu.
Það er verulega neikvætt fyrir ferðapjónustuna ef farið verður Vesturárdalsleið.

6.2. Landnotkun.

Að framkvæmdir við Hofsárdalsleið nái yfir allt vatnasvið Hofsár.

Þvílíkt bull.

Það eru fleiri skógar í Vopnafirði en Bustarfellsskógur.
Í utanverðri Hofsborgartungu er birkiskógur og þó nokkur barrtré allt að 7m. há.

Ósnortið víðerni.

Ósnortið víðerni er landsvæði sem er a.m.k. 25 km² að stærð, eða það stórt að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu. Landsvæðið þarf að vera í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum merkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum. Þar má ekki gæta beinna ummerka mannsins og náttúran á að fá að þróast án álags af mannlegum umsvifum. Á teikningu 4 sjást mörk ósnortins víðernis í Vopnafirði í grennd við mögulegt framkvæmdasvæði. Mörkin eru dregin í 5 km fjarlægð frá þjóðvegum, sumarbústöðum og túnum við bújarðir.

Tafla 6.2.3. er röng.

(Víðerni sem endurheimtist við Vesturárdalsleið ca. 10 km) endurheimtist ekki.

Það gleymdist að reikna með sumarhúsinu innan við Fremri Snið.

Víðerni sem skerðist vegna Hofsárdalsleiðar minnkar þar af leiðandi.

Ef laxastigi yrði gerður minnkaði skerðingarsvæði Hofsárdalsleiðar enn meir.

Ef til vill verður Tunguá virkjuð. Þá er ekkert eftir af því.

Niðurstaðan er að um 12 km² skerðast vegna Vesturárdalsleiðar.

Og um það bil 33 til 46 km² endurheimtast við Hofsárdalsleið.

Víðernið milli Vopnafjarðar og Kópaskers er næst stærsta víðerni landsins
og eitt fáfarnasta svæði Evrópu.

Það væri nær að friða það en Hofsárdalinn.

Hofsárdalurinn er landbúnaðar- og atvinnusvæði upp að foss ef ekki lengra.

Þar er spennandi skógræktarsvæði.

Friðlýsing Hofsárdals.

Það er eins og að skjóta sig í fótinn að hálfu laxveiðimanna að fara fram á friðun Hofsár og 200 m. meðfram henni.

Þá mega þeir ekki gera laxastiga né vegi inn með ánni.

Þá væri væntanlega allur utanvega akstur stöðvaður af þeirra hálfu.

Ef laxastofninn er svona merkilegur, af hverju ekki að friða hann?

Ef dýraverndunarsamtök kæmust að því hvað þeir stunduðu í skjóli friðlandsins.

Að láta laxinn berjast fyrir lífi sínu þar til hann er að niðurlotum kominn, taka hann þá af króknum og sleppa honum síðan helsærðum.

Ef þetta er ekki ill meðferð hvað er það þá? Svona bara til dægra styttingar.

Það væri nær að friða ánnu og bakka hennar fyrir laxveiðimönnum, en að friða hana fyrir Vopnfirðingum og gestum þeirra.

Þeir vilja neyða vegfarendur upp á heiði en sitja einir að dalnum.

Það verður engin sátt um þessa friðlýsingu.

Ferðamál.

Það munu margfalt færri koma að skoða Bustarfell en ella ef vegurinn verður í Vesturárdal. Þrátt fyrir Millidalaleið.

Það væri auðveldara að markaðssetja leiðina,

Bustarfell, Hof, gönguleið að Krumsholti, Skjól fjörur og Hellisheiði ef farið væri um Hofsárdal. Bustarfell og Hof eiga að vera í alfaraleið eins og þeir hafa alltaf verið, en ekki í einhverjum afdal.

Hof ætti að vera einn þekktasti staður landsins.

Hof var höfuðstaður sjálfstæðs ríkis í 2. ár um 1262-1264.

Þar ætti að vera Þjóðveldissetur í minningu um Þorvarð Þórarinsson, síðasta sjálfstæða höfðingjann á Íslandi.

Þar ætti líka að minnast Séra Halldórs Jónssonar prests á Hofi (1810-1881), einn af helstu sjálfstæðishetjum okkar Íslendinga.

Það væri skammsýni og klúður að hafa ekki Hof og Bustarfell í alfaraleið.

Það væri hreint verðfall í ferðapjónustunni ef svo yrði.

Tafla 6.3.1. Algerlega ósammála.

Vegalengdir.

Vegalengdin á leiðinni Egilsstaðir - Akureyri um Hellisheiði .

Um Vesturárdal 324 km.

Um Hofsárdal um 313 km.

Ef væru jarðgöng undir Smjörfjöll væri foráttu vitlaust að fara Vesturárdalsleið. Vegalengd í og yfir 400 m. Egilsstaðir - Akureyri um jarðgöng undir Hellisheiði eða Smjörfjöll og um Hofsárdal yrðu um 20. km styttri en um Jökuldal.

Tafla 6.5.5. Umferðarspá. Spáð er meiri umferð á Hofsárdalsleið.

Ruslahaugarnir.

Ruslahaugarnir lenda undir veginum ef farin verður Vesturárdalsleið.

Þar er eflaust mikið af spilliefnum.

Þarf ekki að hreinsa þau upp?

Ruslahaugunum þarf að finna nýjan stað, hvað kostar það?

Skógrækt.

Það verður stunduð skógrækt í innanverðum Hofsárdal og Fossdal í framtíðinni.

Það á eftir að verða mjög arðbært þegar mengunarkvótar fara að seljast eins og heitar lummur.

Þá þarf vegi um svæðið.


Skógrækt í Fossdal hefur marga kosti. Sjónmengun vegna vega verður óveruleg.

Laxveiðimenn fá frið. Snjósöfnun minnkar umtalsvert. Veðursæld eykst.

Lífrikið eykst í og við ána og allir gætu farið að brosa.
Ef menn segja að það megi ekki breyta ásýnd dalsins,
þá var þarna Birkiskógur um allt áður fyrr.
Það væri vitlaust að koma í veg fyrir skógrækt með friðlýsingu.
Það verður krafa jarðarbúa að staðir eins og innanverður Hofsárdalur
verði teknir undir skógrækt.
Undirbúum skógrækt í Hofsárdal með góðum vegum.
Í staðinn ætti að friða heiðina og græða hana upp.
Þar yrði nóg pláss fyrir mófugla.

Mógrafir.

Mógröf 156507 42-27. er sögð 40 metra frá framkvæmdarsvæði.
Samkvæmt teikningum og loftmyndum er þetta því miður ekki rétt.
Réttara væri að segja í veglínu.
Svarðagrafirnar eins og ég hef vanist að kalla þær
eru mjög merkilegar fyrir sögu þorpsins.
Þarna var grafið að minnsta kosti til 1937.
Grafirnar eru á um einum hektara.
Þarna eru að minnsta kosti 12 mismunandi stórir manngerðir þurrkhólar
Þar má enn finna niðursneiddan svörð undir grasverðinum.
Svarðalækur rennur í gegnum svæðið.
Þessu svæði er mjög ógnað með Vesturárdalsleið.
Sést hafa teikningar þar sem vegurinn frá Bakkafirði er tengdur
Vesturárdalsvegi í miðjum svarðargrófunum.
Það yrði skandall.
Þarna er mjög misdjúp mýri allt að 4 m.



Númerin hafa vígslast.
Sjá einnig Teikningu 07-8 af 8-A3-20000- framkvæmdayfirlit.

Veður.

Í norðan og norðvestlægum áttum er oftast mikið verra veður utan við Ytri Nýp.
Þegar horft er inn Vesturárdal sést að veðrið er líka miklu verra innar í dalnum
Þá er oftast mun betra veður í Hofsárdal.

Þangað til komið er langleiðina upp Bustarfellsbrekkurnar (ca í 230 m. hæð)
Hef verið að vinna inni í Hofsárdal í logni,
þá komst fólkíð á Haukstöðum ekki á mölina vegna veðurs.
Ingibjörg Pálsdóttir föðuramma mín ólst upp á Brunahvammi og Mælifelli.
Hún lýsti vistinni þannig: “Á Brunahvammi var gott að vera
en aum var vistin á Mælifelli.”
Þó Brunahvammur sé bara 20 m. lægra í landi þá er veðursæld þar mun meiri.

Aðkoman að þorpinu.

Það fer mjög mikið fyrir brjóstið á fólki aðkoman að þorpinu Vesturárdalsmegin.
Bakdyramegin.
Einhver kallaði það rassmegin.

Votlendi

Votlendi sem stendur til að endurheimta er allt á lálendi.
Nánast niðri í fjöru.
Það kemur aldrei í stað votlendis á Fossheiði, Þverfellsdal og Barkárdal.
Úrkoma inn til lands á N-Austurlandinu er lítil.
Þar af leiðandi er votlendi og jaðarsvæði þeirra enn dýrðmætara.
Sagt var að veginum á Vesturárdalsleið hafi verið hnikað til vegna votlendis.
Samt fer hann yfir 8 km. Hvað fer hann yfir mikið af jaðarsvæðum votlendis?
Jaðarsvæði votlendis á lálendi er oft mjög gott skógræktar svæði.
Á ekki að endurheimta samskonar votlendi.
Eiga ekki vegir í votlendi á hættu að missíga?
Með tilheyrandi slyshættu.

Hlutdrægni.

Dæmi um hlutdrægni.
Teikning 11
Texti undir nokkrum ljósmyndum.(blasir við)
Vegurinn um Vesturárdal mun líka **blasa** við ef staðið er uppi á Urðarfjalli,
Þverfelli, Rjúpnafelli og víðar úr Vesturárdal.
Það væri fróðlegt að telja hve oft er minnst á að það eigi kannski að friðlýsa
Hofsárdal.
Ályktanir og niðurstöður eru oftast býsna hlutdrægar.
Og þá alltaf vesturárdal í vil.
Ég etast stórlega um magntölur og kostnaðarliði.
Kannski fáum við jarðgöng fyrir afganginn.

Ég vona að þið nennið að lesa þetta bréf.

Með kveðju.
Páll Aðalsteinsson.
Hafnarbyggð 39.
Vopnafirði.